

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð um Steingrím Jón Guðjónsson, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum, af dómsmálaráðherra 3. maí 1985.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð um Steingrím Jón Guðjónsson.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður um Steingrím Jón Guðjónsson“.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Steingrím Jón Guðjónsson, Bárugötu 6, Reykjavík f. 30. nóvember 1906, sem drukknaði við Purkey 25. júlí 1977.

3. gr.

Sjóðurinn er stofnaður skv. ákvæðum í erfðaskrá Jóns Sigurðar Jónssonar, bónda í Purkey, Klofningshreppi, Dalasýslu, dags. 8. janúar 1979. Jón var fæddur 18. ágúst 1901, en andaðist 7. nóvember 1982.

4. gr.

Stofnframlag í sjóðinn, sem nemur kr. 1 387 577,28, kemur úr dánarbúi Jóns Sigurðar Jónssonar skv. ákvæðum fyrrnefndrar erfðaskrár.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir, áheiti, gjafir og hvers kyns framlög, sem til hans kunna að verða gefin.

6. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður á eins hagkvæman og skynsamlegan hátt og kostur er að mati stjórnar sjóðsins. Hann skal ávaxtaður í Búnaðarbanka Íslands í Búðardal að svo miklu leyti sem hann er ávaxtaður í banka.

7. gr.

Tekjum úr sjóðnum skal verja til að verðlauna einstaklinga eða hópa (björgunar- eða hjálparveitir), sem unnið hafa björgunarafrek eða þrekvirki, sem stjórn sjóðsins telur að verðskuldi viðurkenningu. Skulu þessi verðlaun veitt árlega og varið til þeirra öllum arði sjóðsins á undangengnu ári, en höfuðstóll skal varðveittur óskertur. Verðbætur skulu leggjast við höfuðstól.

Verðlaunaúthlutun má falla niður ef stjórn sjóðsins er öll sammála um að enginn hafi unnið til þeirra á viðkomandi ári og skal arður það árið þá lagður við höfuðstól sjóðsins.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum til tveggja ára í senn. Eftirtaldir aðilar tilnefni hver einn mann í stjórnina og annan til vara:

Slysavarnafélag Íslands, Landssamband flugbjörgunarsveita og Landssamband hjálparveitar skáta.

Láti einhver ofangreindra aðila undir höfuð leggjast að tilnefna mann í stjórnina eða hafni því að gera það, skal sýslumaðurinn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu tilnefna mann eða menn í staðinn með hliðsjón af tilgangi minningarsjóðsins.

9. gr.

Sjóðsstjórn skal halda gerðarbók um allan rekstur sjóðsins, ákvarðanir stjórnar og hvaðeina er varðar rekstur hans. Stjórnin skal fela löggiltum endurskoðanda að endurskoða bókhald sjóðsins en um eftirlit með honum skal farið að lögum um eftirlit með opinberum sjóðum. Stjórn sjóðsins ákveður og hvar sjóðurinn og gögn hans skulu geymd.

10. gr.

Skipulagsskrá þessi skal hljóta staðfestingu forseta Íslands.

Skipulagsskrá þessa undirrita ég skv. ákvæðum í ofangreindri erfðaskrá Jóns Sigurðar Jónssonar.

Ormsstöðum í Dalasýslu, 20. desember 1984.
Baldur Gestsson.

AUGLÝSING

um mat og flokkun á kartöflum.

Samkvæmt 11. gr. reglugerðar nr. 473/1982 um Grænmetisverslun landbúnaðarins og mat og flokkun kartaflna og annarra garðávaxta, skulu gilda eftirfarandi reglur um mat og flokkun á kartöflum.

Kartöflur og aðra garðávexti skal ekki meta né heimila dreifingu á, þegar varan getur talist miður hæf til neyslu vegna alvarlegra breytinga, skemmda, óhreininda eða af öðrum ástæðum, s.s. vegna frosta og spíruskemmda (sbr. reglugerð nr. 250/1976 um dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara o. s. frv.).

Fyrir þokaumbúðir skal sauma þétt. Merkja skal með þar til gerðum spjöldum (11×6 sm). Á spjöldin skal letra öðru megin nafn afbrigðis, stærð og sendingardag, en hinu megin nafn og/eða númer og heimili eiganda (innleggjanda).

Kartöflur verða, þar til annað verður ákveðið, aðgreindar í sex flokka: **Úrvalsflokk**, **Matarkartöflur 1**, **Matarkartöflur 2**, **Steikarkartöflur**, **Bökunarkartöflur** og **Verksmiðju-kartöflur**.

Í alla flokka má bæta við kartöfluaufbrigðum, ef þau er talin hæf til þess að dómi Samstarfsnefndar um mat og flokkun kartaflna o. fl., að fenginni umsögn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

MATARKARTÖFLUR

Úrval

Stærðarflokkar: 35—45 mm, 45—55 mm og 40—50 mm.

Útlit: Heilbrigðar, hýðið heilt að mestu og lausar við óhreinindi. Kartöflurnar verða að vera án aukabragðs (soðnar).

Afbrigði: Gullauga, Helga, Rauðar íslenskar, Bintje og Mandla.

Hámarkstíðni galla: 8 stig. Votrottnun og frostskaði er útilokað í þessum flokki.

Matarkartöflur 1

Stærð: 35—50 mm og 40—55 mm.

Útlit: Heilbrigðar og gallalítlar.

Afbrigði: Gullauga, Helga, Rauðar íslenskar, Mandla, Bintje og Premiere.

Hámarkstíðni galla: 24 stig.